



## 357. fundur Þingvallanefndar

Fyrsti fundur nýskipaðrar Þingvallanefndar var haldinn fimmtudaginn 3. september 2009 kl. 10:00 í fundarsal Alþings við Austurstræti 8-10. Mættir voru þingmennirnir Álfheiður Ingadóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Atli Gíslason, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Valgerður Bjarnadóttir, Ragnheiður E. Árnadóttir og Höskuldur Þórhallsson. Einnig sátu fundinn Einar Á. E. Sæmundsson fræðslufulltrúi, Guðrún St. Kristinsdóttir yfirlandvörður og Hrefna V. Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist :

1. Álfheiður Ingadóttir bauð nefndarmenn og starfsfólk þjóðgarðsins velkomið á fyrsta fund nýrrar Þingvallanefndar og lagði fram tilkynningu Alþingis um kjör nefndarinnar sem fór fram 11. ágúst 2009 og bréf forsætisráðherra sem skv. lögum 47/2004 skipar formann og varaformann úr hópi aðalmanna en nefndin skiptir að öðru leyti sjálf með sér verkum. Aðalmenn voru kjörnir: Björgvin G. Sigurðsson, Ragnheiður E. Árnadóttir, Álfheiður Ingadóttir, Valgerður Bjarnadóttir, Höskuldur Þórhallsson, Atli Gíslason, Þorgerður K. Gunnarsdóttir. Varamenn voru kjörnir: Oddný G. Harðardóttir, Jón Gunnarsson, Þuríður Backman, Helgi Hjörvar, Vigdís Hauksdóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Árni Johnsen. Álfheiður Ingadóttir er formaður Þingvallanefndar og Björgvin G. Sigurðsson varaformaður.
2. Nefndarmenn fengu ýmis gögn varðandi Þingvelli og þjóðgarðinn. Afhent var: Stefnumörkun þjóðgarðsins 2004-2024, Umhverfisstefna í rekstri þjóðgarðsins á Þingvöllum, lög og reglugerð um þjóðgarðinn á Þingvöllum, lög og reglugerð um verndun Þingvallavatns og vatnasvið þess, margmiðlunardiskur og bæklingar um Þingvelli.
3. Starfsemi og starfsmenn þjóðgarðsins.  
Umfangsmikil starfsemi fer fram á Þingvöllum en á næsta ári eru 80 ár liðin frá stofnun þjóðgarðsins. Í Fræðslumiðstöðina á Hakinu koma um 170 þúsund gestir árlega og eru gistinætur á tjaldsvæðunum um 10 þúsund. Seld eru milli 2 og 3 þúsund veiðileyfi í þjóðgarðinum, en þjóðgarðurinn er aðili að Veiðikortinu og hefur tekjur af því. Í Þjónustumiðstöðinni er bóksala sem nefndin hefur einnig tekjur af.

Stöðugildi fastra starfsmanna eru 3,6 og yfir sumartímanna starfa að auki 10 landverðir á Þingvöllum. Landverðir vinna í 7 daga í senn á 12 tíma vöktum og eru 5 landverðir á hvorri vakt.

Guðrún St. Kristinsdóttir yfirlandvörður hefur starfað hjá Þjóðgarðinum frá 1993. Starf yfirlandvarðar felur í sér skipulagningu á daglegu starfi í Þjóðgarðinum, verkstjórn landvarða, minniháttar viðhald, samskipti við ríkisendurskoðun, utanumhald á bóksölu í Þjónustumiðstöðinni ásamt öðrum verkefnum sem til falla.

Einar Á. E. Sæmundssen fræðslufulltrúi hefur starfað frá 2001. Fræðslufulltrúi sér um fræðslumál, móttöku á gestum í Þjóðgarðinn, dagskrágerð yfir sumartímanna, samskipti við ljósmyndara, kafara og kvikmyndatökumenn. Einnig hefur Einar unnið að landupplýsingakerfi í Þjóðgarðinum ásamt því að útbúa umsókn Þingvalla á Heimsminjaskrá UNESCO á sínum tíma.

Hrefna V. Jónsdóttir ritari hefur starfað í Þjóðgarðinum frá 2006. Ritari sér um sjóðs- og millifærslubækur, uppgjör í bókasölu, samskipti við fjársýslu ríkisins og forsætisráðuneytið, bréfaskriftir, merkingu reikninga, afstemningu birgja, er ritari á fundum Þingvallanefndar ásamt öðrum verkefnum sem til falla.

4. Opnunartími í september.

Þingvallanefnd staðfestir ákvörðun sem tekin var milli funda um breyttan opnunartíma í septembermánuði í Fræðslumiðstöð og Þjónustumiðstöð. Opnunartíminn er frá kl. 9-16 alla daga í stað 9-17.

5. Ársreikningur 2008 og rekstur Þjóðgarðsins á næstu vikum.

Lagður fram ársreikningur Þjóðgarðsins 2008 ásamt bréfi frá Ríkisendurskoðun. Halli sem nemur 18,5 m.kr. á rekstrinum á árinu 2008 og var skv. rekstraráætlun ársins 2009 stefnt að því að ná honum niður að mestu leyti á þessu ári. Hækkun umfram áætlun ársins 2008 varð aðallega á launalið vegna stofnanasamninga og vegna framkvæmda.

Rætt um rekstur Þjóðgarðsins og áritun reikninga þar til Þjóðgarðsvörður hefur verið ráðinn í stað Sigurðar K. Oddssonar, sem féll frá 22. ágúst s.l. en Sigurður hafði gegnt stöðu Þjóðgarðsvarðar frá árinu 1995. Þingvallanefnd samþykkir að formaður, að höfðu samráði við fjársýslu og forsætisráðuneyti, megi fela starfsmanni á skrifstofu Alþingis að árita reikninga þar til Þjóðgarðsvörður hefur verið ráðinn.

Jafnframt samþykkir Þingvallanefnd að leita eftir aðstoð fjármálaskrifstofu Alþingis við gerð yfirlits yfir fjárhagsstöðu Þjóðgarðsins, stöðu framkvæmda og fjárlagabæði v. 2010.

Höskuldur Þór Þórhallsson sat hjá og óskaði bókað að hann teldi sig ekki hafa forsendur til að taka afstöðu til tillögunnar.

6. Opnunartími í október til 1. apríl.  
Þingvallanefnd samþykkir að fresta ákvörðun um opnunartíma frá 1. október þar til yfirlit yfir fjárhagsstöðuna liggur fyrir.

7. Valhallarreitur

Valhöll brann til grunna þann 10. júlí 2009 og eftir hreinsun svæðisins er þar nú stór og snyrtileg grasflöt. Allt í kringum Valhallarreitinn er vatn, sem torveldar framkvæmdir þar í kring, engin hreinlætisaðstaða er lengur á þessum stað. Ýmsar hugmyndir hafa verið viðraðar um framtíðarnýtingu svæðisins eftir brunann.

Í máli nefndarmanna kom fram að öll ákvarðanatöku varðandi Valhallarreitinn er viðkvæm og mikilvægt að ákvarðanir séu teknar að vel ígrunduðu máli. Sú hugmynd kom upp að landsmenn fái tillögurétt um nýtingu Valhallarreitsins sem síðar yrði unnið úr. Jafnframt var ákveðið að leita eftir frekari greiningu og gögnum varðandi gesti sem koma til Þingvalla.

Auk Þingvallanefndar mun forsætisráðuneytið og UNESCO koma að ákvarðanatöku varðandi Valhallarreitinn og hefur forsætisráðherra óskað eftir fundi með nefndinni.

Nokkur erindi hafa borist nefndinni í kjölfar brunans. Sigríður Margrét Guðmundsdóttir og Kjartan Ragnarsson, Landnámssetri Íslands í Borgarnesi, bjóða nefndarmönnum í heimsókn til að skoða hugmyndir sínar að uppbyggingu á Valhallarreit og verður erindi þeirra sent á nefndarmenn en umræðu frestað. Þá hafa tvær arkitektastofur VA-arkitektar og Einrúm- arkitektar haft samband við nefndarmenn varðandi Valhallarreitinn.

8. Snyrtingar á Haki

Búið er að byggja snyrtihús sem eftir er að koma upp og ganga frá á Hakinu og eru þau geymd í Laugarnesi. Tilskilin leyfi liggja fyrir til að hægt sé að flytja og standsetja húsin. Hreinsibúnaður er dýr og nauðsynlegt að bíða eftir úttekt á fjárhagsstöðu þjóðgarðsins áður en ákvarðanir verða teknar um kaup á slíkum búnaði og um flutning húsa austur. Fram kom að mikið álag er á þeim salernum sem nú eru á Hakinu og brýnt að fjölga þeim fyrir næsta sumar.

9. Framkvæmdir við kirkjuna

Þingvallakirkja er 150 ára á þessu ári og er fyrirhugað að biskup Íslands mæsi við hátíðarguðþjónusta í Þingvallakirkju 4. október 2009. Kirkjusjóður veitti 9 m.kr. til lagfæringa á kirkjunni og ganga framkvæmdir vel en ólokið er við að mála gólf og glugga. Þá er ólokið framkvæmdum við aðkomu að kirkjunni og athugunarefni hvort nefndin getur komið að því verkefni með fjárframlagi.

10. Erindi til nefndarinnar

Lagt fram erindi Eignamiðlunar dags. 18.8. 2009 með ósk um að Þingvallanefnd hafni forkaupsrétti að Valhallarstíg nr. 9. Frestað.

Lagt fram minnisblað Lilju Jónasdóttur lögmanns Þingvallanefndar dags. 1.september 2009 um störf hennar fyrir nefndina. Þar kemur m.a. fram að lóðarleigusamningar sumarbústaðaeigenda renna út á miðju næsta ári. Samþykkt að fá Lilju á fund nefndarinnar.

Lagt fram erindi Kristbjörns Helga Björnssonar og Svövu Lóu Stefánsdóttur með viðskiptahugmynd um uppbyggingu svæðis á eða við Þingvelli þar sem einblínt verður á búskaparhætti á þjóðveldisöld. Nefndarmenn fengu afhent gögn varðandi þessa hugmynd en umræðu frestað.

#### 11. Önnur mál

Þingvallanefnd samþykkir að fundargerðir nefndarinnar skuli birtar á vef þjóðgarðsins. Samþykkt var nefndarmenn fá tíma til að gera athugasemdir til ritara og að ákveðnum tíma liðnum verði fundargerðin samþykkt af formanni og sett á vefinn.

Fundartímar Þingvallanefndar hafa verið 4 sinnum á ári. Vegna aðstæðna verða þeir fleiri fram að áramótum.

Ákveðið var að nefndin fari í kynnisferð til Þingvalla þriðjudaginn 15. september kl. 8:30. Dagskrá verður send út fyrir ferðina.

Þjóðgarðurinn er með gjaldtökuheimild á þeim gjöldum sem rukkað er fyrir. Rætt var um hvernig auka mætti sértekjur í þjóðgarðinum, svo sem með sölu bæklinga í stað þess að gefa þá o.fl.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið 12.03